

ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 17. júlí 2000.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Sveinn Arason
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Áfallnar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru færðar til tekna í bókhaldi á því ári sem þær tilheyra án tillits til hvenær þær eru innleystar. Með sama hætti eru áfallin bundin framlög og skuldbindingar færð á því ári sem þau tilheyra án tillits til greiðslu.

Á árinu 1999 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 515.713 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 1999 var 743.232 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999 með áritun sinni.

Reykjavík, 17. júlí 2000.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson
formaður ráðgjafarnefndar.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Umferð um Baldursnes, frá Hlíðarbraut að Óðinsnesi, fær forgang gagnvart umferð úr hliðargötum með biðskyldu.

Frá og með 1. ágúst 2000 verða 6 ný bifreiðastæði við Túngötu milli Bankastígs og Strandgötu gjaldskyld og frá og með 1. október 2000 verða 4 ný bifreiðastæði við Strandgötu milli Geislagötu og Ráðhústorgs gjaldskyld.

Settir verða stöðumælar við stæðin. Gjald verður 10 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og hámarksstöðutími 1 klukkustund.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Akureyri, 24. júlí 2000.

Sýslumaðurinn á Akureyri,

Björn Jósef Arnviðarson.

REGLUGERÐ

um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

I. KAFLI

Gildissvið, markaðssetning og frjáls dreifing.

1. gr.

1. Reglugerð þessi gildir um lyftur sem eru notaðar til frambúðar í byggingum og mannvirkjum. Hún gildir einnig um öryggisíhluta í slíkar lyftur sem eru taldir upp í IV. viðauka.

2. Í þessari reglugerð merkir „lyfta“ búnað sem þjónar ákveðnum hæðum, með stól sem fer eftir föstum brautum er halla meira en 15 gráður frá láréttu plani og eiga að flytja:

- fólk,
- fólk og vörur,
- einungis vörur ef stóllinn er aðgengilegur, það er að segja einstaklingur getur auðveldlega farið inn í hann, og með stjórnækjum innan í eða innan seilingar fyrir þann sem stendur inni.

Lyftur sem fara ákveðnar leiðir, jafnvel þótt ekki sé eftir föstum brautum, falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, t.d. skæralyftur.

3. Reglugerðin gildir ekki um:

– togbrautir, að meðtöldum togbrautum á spori, til fólksflutninga á vegum hins opinbera eða einkaaðila,

- sérhannaðar og sérsmíðaðar lyftur fyrir her eða lögreglu,
- vindubúnað í námum,
- sviðslyftur,
- lyftur sem er komið fyrir í flutningakerfum,
- lyftur tengdar vélum og lyftur sem eru einungis ætlaðar til að komast á vinnustað,
- tannhjólbrautir,
- byggingarlyftur til fólksflutninga eða fólks- og vöruflytninga.

4. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sá sem annast uppsetningu lyftu“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og markaðssetningu lyftunnar og merkir með CE-merki og útbýr EB-samræmisfirlýsingu,
- „markaðssetning lyftu“ telst eiga sér stað þegar sá sem annast uppsetningu lyftu hefur hana í fyrsta sinn tiltæka fyrir notandann,
- „öryggisíhluti“: íhluti talinn upp í IV. viðauka,